# Menningarminjar í Skriðdal í Suður-Múlasýslu

## Svæðisskráning

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS077-98086
Reykjavík 1999

# Efnisyfirlit

*Inngangur*.....3
*Skrá um menningarminjar í Skriðdal*.....3
**SM-052 Stóra Sandfell**.....3
**SM-053 Litla Sandfell**.....10
**SM-054 Eyrarteigur**.....11
**SM-055 Arnhallstaðir**.....14
**SM-056 Hryggstekkur**.....18
**SM-057 Hallbjarnarstaðir**.....19
**SM-058 Víðilækur**.....22
**SM-059 Haugar**.....23
**SM-060 Þingmúli**.....26
**SM-060b Múlastekkur**.....31
**SM-060c Þingmúli (Múlaafrétt)**.....34
**SM-061 Borg**.....35
**SM-062 Stefánstaðir**.....38
**SM-063 Hátún**.....38
**SM-064 Geitdalur**.....39
**SM-065 Þorvaldstaðir**.....41
**SM-066 Flaga**.....45
**SM-067 Mýrar**.....46
**SM-068 Geirólfstaðir**.....49
**SM-069 Vað**.....52
**SM-631 Fornleifar á fleiri en einni jörð**.....57
**SM-632 Óstaðsetjanlegar fornleifar**.....58
*Heimildaskrá*.....59

# Inngangur

Nú er unnið að undirbúningi svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað. Samkvæmt þjóðminjalögum er fornleifaskráning lögbundin þáttur í skipulagsstarfi og var leitað til Fornleifastofnunar Íslands um skráningu fornleifa á Héraði og í Borgarfirði eystra. Öll skráningarvinnan fór fram eftir kerfi Fornleifastofnunar Íslands og að henni lokinni eru til upplýsingar um fornleifar á öllu skráningarsvæðinu í einum gagnagrunni.

Í þessari skýrslu er birt minjaskrá Borgarfjarðarhrepps hins forna og skrá um þær heimildir sem notaðar voru. Nánari greinargerð um aðferðir þær sem beitt var, byggðasögu og sögu fornleifaskráningar er að finna í skýrslunni *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Svæðisskráning*. Heildarfjöldi fornleifa í Skriðdal eru 390 staðir á 19 jörðum sem eru að meðaltali 20,5 fornleifar á jörð. Auk þeirra eru sjö fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð og eru það helst götur og vegir innansveitar sem utan. Einnig er einn minjastaður sem ekki var unnt að staðsetja innan ákveðinnar jarðar. Heimildarkönnunin var unnin af Sædísi Gunnarsdóttur sem vann þessa skýrslu ásamt Orra Vésteinssyni.

# Skrá um menningarminjar í Skriðdal

## SM-052 Stóra Sandfell

20 hdr. 1696, 1847. 1397: Getið í máldaga Múlakirkju. DI IV, 204. 1397: Segir að Vallanes eigi skógteig í Sandfelli hinu næsta og 2 skógarteiga í Sandfelli hinu efsta. DI IV, 204 Eyðihjáleigan Miðsandfell talin með 1804, Ábúð lauk þar 1746. "S er yst jarða í Skriðdal. Mörk eru við Grímsá frá ármótum við Víná og út að Grímsárfossum, þar sem mannvirki Grímsárvirkjunar standa á landsenda á totu milli Grímsár og Gilsár. Síðan liggja mörk með Gilsá upp Hjálpleysuvatn og með Lambavallaá (Gilsá á korti) á Hjálpleysuvarp á hreppamörkum Skriðdals, Valla og Reyðarfjarðar, þaðan sv. á Botnatind, og þá taka við mörk við Litla-Sandfell." SJM II, 118.

1918: tún 4,7 ha, garðar 1108 m2. "Dalslétta Skriðdals hverfur að mestu við Víná og má kalla, að S sé í hlíðarrótum Sandfellsins, á aflíðandi landi norður og norðvestur af því. Þar er holta- og ásaland með hálfdeigjum og mýrlendi, en harðvelli aðeins með blettum með lækjum og grafningum. Kvistlendi er ráðandi með birki, fjalldrapa, lyngi og grávíði. ... Þingmúlakirkja og Vallaneskirkja áttu högg í skógarkroppi í S, en upp úr 1860 þvarr skógur alveg á jörðinni. Á þessari öld öndverðri fór skógur alveg að teygja úr sér á nýr, en þá voru

ítökin horfin undir jörðina aftur og reyndust ekki endurkræf kirkjunni. Gamla túnið var sumt slétta hóla og brattar brekkur út frá hólunum, en annars staðar lægra og þar þýft. Það var allt þurrlent, og því mun hafa verið gert áveitukerfi úr heimalæk, allmikið mannvirki gert af nákvæmni og útsjónarsemi og lýsir verkmenningu þeirra, er að því stóðu, en ekki er kunnugt hverjir þeir voru. Engjar voru dreifðar, víðast þýfðar og lélegar, slegnar annað hvert ár. Vetrarbeit þótti í meðallagi, en upprekstrarland ófullnægjandi." SJM II, 118-119.

**SM-052:001** *Stóra-Sandfell* bæjarhóll bústaður
"Tvíbýli í gamla bænum til ´40. Þar var smiðja, skemma, 2 fjós, töðuhlaða, hlóðaeldhús, frammihús, búr, eldhús, geymsla, stofa, tvenn göng. Sum húsin, t.d. göng, frammihús og smiðja, notuð sameiginlega." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 119

**SM-052:002** heimild bænhús
"Bænhús var fyrir eina tíð í S." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 118

**SM-052:003** *Lambhúshólar* heimild lambhús
"Í túni eru þessi örnefni: Yzt eru Lambhúshólar, neðan við götu." "Á hólum í túninu: Ærhústól, Holthúshól, Hesthúshól og Lambhúshólum stóðu samnefnd hús, (nú aflögð fyrir löngu)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7

**SM-052:004** *Hringur* garðlag
"Í túni eru þessi örnefni: Yzt eru Lambhúshólar, neðan við götu. Neðan við þá var Hringur, nokkuð hringmyndaður botn, með miklum garðlögum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7

**SM-052:005** *Grímstótt* heimild fjárhús
"Í túni eru þessi örnefni: Yzt eru Lambhúshólar, neðan við götu. Neðan við þá var Hringur, nokkuð hringmyndaður botn, með miklum garðlögum. Fram af Hring var Grímstótt (miklar tættur, nú fjárhús). Sagnir eru, að þar hafi verið Grímur smiður, enda komu þar upp miklar smiðjuleifar, efekki rauðablástur. Þar í var steðjasteinn, flatur með þró fyrir steðja. Þar kom líka upp mikið af gjalli." segir í örnefnalýsingu. "Niður af gamla bænum er Grímshús, áður kallað Grímstótt. Þar á að hafa búið smiður Grímur að nafni. Þar hefur fundist gjall og steðjaþró gerð í stein, sem nú er undir fjárhúsgarða." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7; SJM II, 118

**SM-052:006** heimild kvíar
"Ofan við braut var kallað Kvíaskott, þar voru torfkvíar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7

**SM-052:007** *Ærhúshóll* heimild fjárhús
"Ofan við braut var kallað Kvíaskott, þar voru torfkvíar. Framan var Ærhúshóll." "Á hólum í túninu: Ærhústól, Holthúshól, Hesthúshól og Lambhúshólum stóðu samnefnd hús, (nú aflögð fyrir löngu)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7, 8

**SM-052:008** *Holthúshóll* heimild
"Ofan við braut var kallað Kvíaskott, þar voru torfkvíar. Framan var Ærhúshóll. Fram af

honum Bali meðfram læknum. Ofan við Ærhúshól var Holthúshóll." "Á hólum í túninu: Ærhústól, Holthúshól, Hesthúshól og Lambhúshólum stóðu samnefnd hús, (nú aflögð fyrir löngu)." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7, 8

**SM-052:009** *Hesthústún* örnefni hesthús

"Ofan við braut var kallað Kvíaskott, þar voru torfkvíar. Framan var Ærhúshóll. Fram af honum Bali meðfram læknum. Ofan við Ærhúshól var Holthúshóll. Fram af honum var Hesthústún, þýft, neðan í holtinu." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7

**SM-052:010** *Byrgishús* heimild

"Ofan við braut var kallað Kvíaskott, þar voru torfkvíar. Framan var Ærhúshóll. Fram af honum Bali meðfram læknum. Ofan við Ærhúshól var Holthúshóll. Fram af honum var Hesthústún, þýft, neðan í holtinu. Byrgishús var neðan í holtinu." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7

**SM-052:011** heimild smiðja

"Í Lambhúshólnum var Smiðjuhóll, þar var smiðjutótt o. fl." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7

**SM-052:012** *Efristöðull* heimild

"Í Lambhúshólnum var Smiðjuhóll, þar var smiðjutótt o. fl. Inn og upp af Byrgishúsum var Efristöðull." segir í örnefnalýsingu. "Á báðum stöðum sást til gamalla tætta. Ein tótt á hvorum stað. Kvíar?." Svör við sp.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7; Ö-Stóra Sandfell, svör við sp

**SM-052:013** *Hesthúshóll* heimild hesthús

"Í Lambhúshólnum var Smiðjuhóll, þar var smiðjutótt o. fl. Inn og upp af Byrgishúsum var Efristöðull. Framan við hann er Hesthúshóll, niður af honum Nauthúshóll og Nauthús (þar hafa geldneyti verið höfð?)." "Á hólum í túninu: Ærhústól, Holthúshól, Hesthúshól og Lambhúshólum stóðu samnefnd hús, (nú aflögð fyrir löngu)." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7, 8

**SM-052:014** *Neðristöðull* heimild

"Í Lambhúshólnum var Smiðjuhóll, þar var smiðjutótt o. fl. Inn og upp af Byrgishúsum var Efristöðull. Framan við hann er Hesthúshóll, niður af honum Nauthúshóll og Nauthús (þar hafa geldneyti verið höfð?). Neðan við hann er Neðristöðull." segir í örnefnalýsingu. "Á báðum stöðum sást til gamalla tætta. Ein tótt á hvorum stað. Kvíar?." segir í sp.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7; Ö-Stóra Sandfell, svör við sp

**SM-052:015** heimild mylla

"Í Lambhúshólnum var Smiðjuhóll, þar var smiðjutótt o. fl. Inn og upp af Byrgishúsum var Efristöðull. Framan við hann er Hesthúshóll, niður af honum Nauthúshóll og Nauthús (þar hafa geldneyti verið höfð?). Neðan við hann er Neðristöðull. Framan við hann er Garðlækjargil, bratt með fossi, þar var Myllan, en fossinn eftir það kallaður Myllufoss (þar voru tvær myllur)." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7

**SM-052:016** heimild mylla

"Í Lambhúshólnum var Smiðjuhóll, þar var smiðjutótt o. fl. Inn og upp af Byrgishúsum var

Efristöðull. Framan við hann er Hesthúshóll, niður af honum Nauthúshóll og Nauthús (þar hafa geldneyti verið höfð?). Neðan við hann er Neðristöðull. Framan við hann er Garðlækjargil, bratt með fossi, þar var Myllan, en fossinn eftir það kallaður Myllufoss (þar voru tvær myllur).” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 7

**SM-052:017** heimild fjós

“ÚTIHÚS: Torffjárhús f. 4 og hesthús f. 4.” segir í Sveitum og jörðum. Á Stóra-Sandfelli I

Heimildir: SJM II, 118

**SM-052:018** heimild hesthús

“ÚTIHÚS: Torffjárhús f. 4 og hesthús f. 4.” segir í Sveitum og jörðum. Ekki alveg ljóst hvort hesthúsið er úr torfi, á Stóra-Sandfelli I

Heimildir: SJM II, 118

**SM-052:019** tóftir beitarhús

“Í Selbotni yst í Hjálpleysu eru beitarhúsatættur frá miðri 19. öld og eldri tótt.” segir í Sveitum og jörðum. . “Þá er Selbotn utan við Strýtur. Þá kemur Selbotnshjalli neðan við botninn, þar eru sel, stekka- og beitarhúsatættur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 118, Ö-Stóra-Sandfell, 3

**SM-052:020** heimild áveita

“Gamla túnið var sumt slétta hóla og brattar brekkur út frá hólunum, en annars staðar lægra og þar þýft. Það var allt þurrlent, og því mun hafa verið gert áveitukerfi úr heimalæk, allmikið mannvirki gert af nákvæmni og útsjónarsemi og lýsir verkmenningu þeirra, er að því stóðu, en ekki er kunnugt hverjir þeir voru.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 119

**SM-052:021** *Prestvaðsbakki* garðlag

“Garðlög á Prestvaðsbakka og við Garðalæk neðan túns í Grímsá.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 119

**SM-052:022** garðlag

“Garðlög á Prestvaðsbakka og við Garðalæk neðan túns í Grímsá.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 119

**SM-052:023** garðlag nátthagi

“2 nátthagar 1 dagsl. hvor, hlaðnir fyrir aldamót ...” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 119

**SM-052:024** garðlag nátthagi

“2 nátthagar 1 dagsl. hvor, hlaðnir fyrir aldamót ...” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 119

**SM-052:025** *Garðalækur* örnefni túngarður

“Þá er Garðalækur framn við tún (túngarðar ?).” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 2

**SM-052:026** *Hansastekkur* heimild stekkur

“Fyrir framan Stekkalæk er Stekkalækjarhæð; framan í henni er Hansastekkur, kenndur við Hans Hansson fótalausa, sem bjó þarna, en fór til Ameríku.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 2

**SM-052:027** mannabein
"Þá er Garðalækur framn við tún (túngarðar ?). Þá er klaufarsíki rétt framan við, og fellur í Garðalæk. Þá er Stekkalækur og Stekkalækjarkelda. Svo er Mið-Sandfellslækur, þá Grjótá, þá Litlilækur, Leirlækur og Beinakelda. Nálægt Beinakeldu fyndust barnsbein, en barnið hafði týnzt frá Stóra Sandfelli, vinnukonubarn. Vinnukonan hafði verið send að fylgja mönnum úr yfir Gilsá, en barnið hafði ráfað í öfuga átt. (Beinin) barnið fann Jón Stefánsson í Litla-Sandfelli eftir aldamótin 1800." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 2-3

**SM-052:028** *Dagmálavarð* varða eyktamark
"Þá er Hryggurinn. Hann nær frá Sandfellsöxl og niður úr. Á honum miðja vega er Dagmálavarða." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 3

**SM-052:029** *Hjálpleysugata* gata leið
"Hjálpleysugötur eru frá bæ og upp í Hjálpleysu." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 4

**SM-052:030** *Svörður* örnefni mógrafir
"Einbúi er stakur steinn, rétt framan við Svörð, Við Gilsá er Hagholt, neðan við Svörð. Þar fellur Gilsá um Svartagljúfur." "Á hólum í túninu: Ærhústól, Holthúshól, Hesthúshól og Lambhúshólum stóðu samnefnd hús, (nú aflögð fyrir löngu). Þar fram af er Gamlisvörður." segir í örnefnalýsingu. "Gamli Svörður og Svörður er það sama (8 stungur)." segir í svörum við sp.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 4, 8; Ö-Sandfell, svör við sp

**SM-052:031** *Stekkjargonta* örnefni stekkur
"Innan við Hagholt er harðvellissund, kallað Stekkjargonta. Framan við Stórumýri er Leira. Þjóðvegurinn liggur neðan við Stórumýri." segir í örnefnalýsingu. "Forn tótt í jaðrinum við Hagaholtin." Svör við sp.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 4; Ö-Stóra Sandfell, svör við sp

**SM-052:032** *Heljarslóð* vegur leið
"Í mýrarsundi utan við Grásteinsholt var gamall vegarstúfur, kallaður Heljarslóð, þar var íhleypa." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 5

**SM-052:033** *Nýistekkur* heimild stekkur
"Framan við Króklæk neðst er Nautshöfðabakki, utan við Nautshöfða. ... Framan í Nautshöfða er Nýistekkur; ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 5

**SM-052:034** *Gamlistekkur* heimild stekkur
"Framan við Króklæk neðst er Nautshöfðabakki, utan við Nautshöfða. ... Framan í Nautshöfða er Nýistekkur; þýfið Þar fram af Nýjastekksþýfi. Niður af því er Snarrótarbotn, rétt utan við hann, við Grímsá, er Lamblág. Fyrir innan Lambalág er Gamlistekkur, ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 5

**SM-052:035** heimild rista
“Í Blánni niður af Djúpapytt er hæð, sem heitir Torfholt.” segir í örnefnalýsingu. “Holtið er lágt, við það var góð velta í blánni. Ég man að torfið var þurrkað á holtinu sem var skorið í blánni.” Svör við sp.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 6; Ö-Stóra Sandfell, svör við sp

**SM-052:036** *Lambhúshæð* örnefni lambhús
“Í Blánni niður af Djúpapytt er hæð, sem heitir Torfholt. Ofan við þau [Skógarlönd] er Ranasund út og fram. Í Skógarlöndum voru tveir Hryggir, efri og meðri og Djúpadokk á milli þeirra. Skógarbrún hét frá Ranasundi að Króklæk. Lambhúshæð hét fram af Skógarbrún fram að Ræsi, þar er nú nýrækt þeirra bræðra Björns og Kristjáns og byggingar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 6

**SM-052:037** *Prestavað* heimild vað
“Fyrir neðan tún, frá Keldu að Garðalæk, eru þessi örnefni: Blá, yzt og neðst í henni er Prestvaðsbakki við Prestavað í Grímsá.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 6

**SM-052:038** *Biskupsmelur* örnefni
“Upp með Garðalæk er Gráþýfi, þar fyrir ofan biskupsmelur (tjölduðu biskupar þar?).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 6

**SM-052:039** *Kvíaholt* örnefni kvíar
“Í túnjaðri að ofan eru tvö holt, annað er lágt og heitir Kvíaholt, hitt er talsvert hærra, ónefnt. Ofan við þessi holt er laut, sem heitir Kvíabotn ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 6

**SM-052:040** heimild leið
“Ofan við Þrælagerði [018] eru gömlu göturnar og Klauf.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 8

**SM-052:041** *Miðmundarvarð* varða eyktamark
“Fram af túni heita Melar, og á þeim er Miðmundarvarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 8

**SM-052:042** *Gráavarða* varða
“Utan við Beinakoldu [sjá 027] er Gráavarða, neðan við hana er Sveigur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 9

**SM-052:043** *Neðrivarða* varða
“Á hólum í túninu: Ærhústól, Holthúshól, Hesthúshól og Lambhúshólum stóðu samnefnd hús, nú (aflögð fyrir löngu). Þar fram af er Gamlisvörður. Fram og niður af honum er Neðrivarðan, inn og upp af henni er Efrivarða, báðar standa við Stekkalæk.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 8

**SM-052:044** *Efrivarða* varða
“Á hólum í túninu: Ærhústól, Holthúshól, Hesthúshól og Lambhúshólum stóðu samnefnd hús,

(nú aflögð fyrir löngu). Þar fram af er Gamlisvörður. Fram og niður af honum er Neðrivarðan, inn og upp af henni er Efrivarða, báðar standa við Stekkalæk." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 8

**SM-052:045** *Gildruholt* örnefni refagildra

"Á hólum í túninu: Ærhústól, Holthúshól, Hesthúshól og Lambhúshólum stóðu samnefnd hús,( nú aflögð fyrir löngu). Þar fram af er Gamlisvörður. Fram og niður af honum er Neðrivarðan, inn og upp af henni er Efrivarða, báðar standa við Stekkalæk. Þar upp af er Gildruholt með Gildrukletti og Gildrumýri." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 8

**SM-052:046** *Hríshólmavað* heimild vað

"Fram og niður af Stekkjalækjarhæð [026] er Lóuholt. Þar rétt hjá Hríshólmavað í Grímsá." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 9

**SM-052:047** *Sauðhagavað* heimild vað

"Sauðhagavað heitir undan Garðalækjarós." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 9

**SM-052:048** *Mið-Sandfellsvarða* varða

"Upp af Mið-Sandfelli er Mið-Sandfellsvarða og Miðsandfellsgonta, um hana fellur lækurinn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Stóra-Sandfell, 9

**SM-052:049** *Kolhöfði* heimild kolagröf

"Kolahöfði er í Partinum framan við Grjótá, þar hef ég fundið kolagryfjur og sér kol á uppblásnum mel. H.J." Svör við sp.

Heimildir: Ö-Stóra Sandfell, svör við sp

**SM-052:050** *Miðsandfell* bæjarstæði býli

JJ: "...1760 og 1804 með henni talin eyðihjáleigan Miðsandfell." "Í núverandi landi S var Mið-Sandfell og mun hafa verið sjálfstætt býli miðja vega milli S og Litla-Sandfells. Ábúð lauk þar 1746. Þar voru beitarhús fyrir 120 fjár til 1906, nú garðlög og tættur." "Enn sýnilegur mikill túngarður á Mið-Sandfelli um beitarhúsatún, hlaðinn 1886 í félagsvinnu ..." segir í Sveitum og jörðum. "Óljós munnmæli segja, að nefnt býli hafi farið í eyði vegna reimleika." segir í örnefnalýsingu. Fór í eyði 1746.

Heimildir: JJ 1847, 371; SJM II, 118, 119; Ö-Stóra-Sandfell, 2; ÓO II, 141

**SM-052:051** *Þrætugerði/Þrælagerði* tóftir + garðlag

"Við Stekkalæk er hringlaga gerði og garður í kring, heitir Þrætugerði." segir í Sveitum og jörðum. "Í krika upp af Háamel við Stekkalæk er Þrælagerði, hringlaga gerði, þýft mjög; þar eru tættur á einum stað; þar hafði Björn faðir Guðna geitur í kofa. Gerðið er afgamalt, ef til vill menjar um kornrækt." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 118; Ö-Stóra-Sandfell, 8

**SM-052:052** kuml legstaður

Guðmundur [Ólafsson] rannsakaði einnig fornkuml hjá Mið-Sandfelli í Skriðdalshreppi, sem kom í ljós við vegargerð. Kumlið var mjög skemmt, beinin höfðu ýtzt burt, en þarna fannst þó forkunnarfögur silfurnæla, fágætur gripur. Fannst á Mið-Sandfelli, bein og næla.

Heimildir: ÞM: Árbók 1983, 205

## SM-053 Litla Sandfell

6 hdr. 1695, 1847. 1397: Segir að Vallanes eigi skógteig í Sandfelli hinu næsta og 2 skógarteiga í Sandfelli hinu efsta. DI IV, 204
Skriðuklausturseign. "Jörðin er milli Vínaár (sem kallast Hvíná í F ´18) og Þórisár og austurmörk eftir háfjalli inn á snarbrattan stafn Ófærudals vestan í Botnatindi." SJM II, 116.

1918: Tún 2,9 ha, garðar 528 m2. "Gamla túnið var haft aflíðandi fram og niður, þýft og grasgefið. Aðalengjarnar voru í nesinu, harðvelli með laufi og smára á eyrunum, snarrót um harðvellisvala. Vaðall svonefndur hálfdeigur. Slegin voru grón gil í Skóginum." SJM II, 116.

**SM-053:001** *Litla-Sandfell* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

**SM-053:002** *Ranahús* heimild fjárhús
"Utan og neðan við bæ heitir Rani. Fremst á Rana var fjárhús, kallað Ranahús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litla-Sandfell, 1

**SM-053:003** *Randarkofi* heimild
"Utan og neðan við bæ heitir Rani. Fremst á Rana var fjárhús, kallað Ranahús. Út af bæ hét Rönd, nú kallað Randi. Þar stóð Randakofi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litla-Sandfell, 1

**SM-053:004** *Lambhúshóll* heimild lambhús
"Fram á túni hét Lambhúshóll, þar stóð Lambhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litla-Sandfell, 1

**SM-053:005** *Ærhús* heimild fjárhús
"Út og upp af bæ, voru Ærhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litla-Sandfell, 1

**SM-053:006** heimild hesthús
"Beint upp af bæ hét hesthústún, þar var Hesthús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litla-Sandfell, 1

**SM-053:007** *Stekkur* heimild beitarhús
"Beitarhús í skóginum stutt framan við bæinn, aflögð fyrir löngu, hétu Stekkur." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 116

**SM-053:008** heimild mylla
"Kornmylla við Víná." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 116

**SM-053:009** *Svörður* örnefni mógrafir

“Ofan við Sléttu er Skógurinn, í honum eru ekki mörg örnefni nema lækirnir. Fyrst er Heimahöfði, rétt upp af bæ, þá er Svörður og Svarðarmýri.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Sandfell, 2

**SM-053:010** heimild stekkur

“Þá er komið að Stekknum. Þar er Stekkholt, Stekkhöfði og Stekkhöfðarjóður og Stekkhöfðadrög.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Sandfell, 2

**SM-053:011** *Dansbali* heimild

“Beint upp af Koppinhöfða er Breiðasund og Dansbali. þarna var dansað undir berum himni í ungdæmi bóndans um 1912-14.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Sandfell, 2

**SM-053:012** *Fundarholt* heimild

“Beint upp af Koppinhöfða er Breiðasund og Dansbali. þarna var dansað undir berum himni í umgdæmi bóndans um 1912-14. ... Fyrir framan þetta eru Flötumýrar, efst í þeim er Grjótholt. Þar fyrir ofan er flatt holt, kallað Kinnarholt. Beint fram af Grjótholti er Fundarholt. Þar var fundarstaður sveitabúa einhvern tíma fyrir aldamót.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Sandfell, 2

**SM-053:013** tóft smalakofi

“Fyrir ofan Skóg eru fá örnefni. Háls heitir framan við Víná. Fast við ána, heldur fyrir ofan Háumela í Stóra-Sandfellslandi, er Mosamelur. Nokkru framar og neðar er Smalaskáli, klettur (tóttabrot undir).” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Sandfell, 3

**SM-053:014** *Kvíaholt* örnefni kvíar

“Út af Grásteinsholti og fast við túngirðinguna er Kvíaholt og ofan í því Kvíabotn.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litla-Sandfell 1931, 4

## SM-054 Eyrarteigur

9 hdr. 1695, 1847. “Landamörk eru við Þórisá að norðan og Eyrarteigsá að sunnan.” SJM II, 114. 1918: Tún 5,2 ha, garðar 652 m2. “... erfitt er að græða túnið úr, jarðvegurinn grýttur”, engjar nærtækar, fremur snöggar, greiðfærar, þurrlendar, grasgóðar, vatni veitt á hluta þeirra. Kjarngott beitiland f. sauðfé, en lakari stórgripahagar.” SJM II, 115.

**SM-054:001** *Eyrarteigur* bæjarhóll bústaður

“Baðstofa til ´48, stafn norður á hlað, portbyggð, tvískipt uppi, niðri eldhús og stofa, járnþak. Frammihús með þilvegg sneru út og fram. Hlaða og fjós að bæjarbaki. Núv. íbúðarhús er rétt hjá bæjarstæðinu.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918, SJM II, 115

**SM-054:002** heimild hesthús

“Fram og upp af bæ hét Hesthústún, þar stóð Hesthús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:003** vegur leið
“Efri hluti túns er kallaður Efratún og neðri hlutinn Neðratún (hestagata(vegur) aðskildi).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:004** *Stórahús* heimild fjárhús
“Fyrir utan Bæjarlæk er kallað Úttún; þar voru fjárhús kölluð Stórahús og Nauthús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:005** *Nauthús* heimild útihús
“Fyrir utan Bæjarlæk er kallað Úttún; þar voru fjárhús kölluð Stórahús og Nauthús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:006** heimild lambhús
“Nokkru utan við Hesthúsið áðurnefnt var Lambhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:007** garðlag nátthagi
“Fyrir utan bæ, í túnjaðrinum, var Nátthagi. Ofan við hann eru rústir af stekk eða kvíum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:008** tóft
“Fyrir utan bæ, í túnjaðrinum, var Nátthagi. Ofan við hann eru rústir af stekk eða kvíum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:009** *Innristekkur* tóftir beitarhús
“Fornar beitarhúsatættur ...” segir í Sveitum og jörðum. “Innri-Stekkalækur fellur framhjá Innristekk; þar voru beitarhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 115; Ö-Eyrarteigur, 1

**SM-054:010** tóft mylla
“ ... myllutótt við bæjarlækinn.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 115

**SM-054:011** *Ytristekkur* heimild stekkur
“Utan við Stekkamela, áðurnefnda er Ytristekkur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eyrarteigur, 2

**SM-054:012** *Smalakofi* tóft smalakofi
“Inni á Hallsteinsdal áðurnefndum eru Ytrifoss og Innrifoss í Eyrarteigsá. Rétt fyrir utan Ytrifoss eru rústir af smalakofa, kallaður Smalakofi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:013** kuml legstaður
SK: “Kuml fannst í landi Eyrarteigs, sem er utantil í Skriðdal að austanverðu og er staðsett um

40 metra frá bökkum Þórisás að sunnanverðu og rúma 150 metra frá þjóðvegi 1. Þórisá rennur úr Ófærudal og er landamerki Eyrarteigs og Litla-Sandfells. Brekkurnar við ána kallast Efri- og Neðri Stekkamelar. Kumlið lá austan og ofan við moldarbarð í hlíðinni og snéri eins og dalurinn. Ofan við barðið er uppþornaður lækjarfarvegur, sem trúlega hefur myndast í leysingum."

"Þegar kumlið fannst, í júlímánuði 1995 lágu hrossabein á við og dreif á yfirborðinu. Örvaroddur lá þar einnig ofan jarðar, auk þess sem spjótsoddur stóð u.þ.b. 20 cm upp úr jörðinni á fundarstaðnum. Hluti beinannna hafði borist spölkorn niður hlíðina með læknum í leysingum. Fljótlega eftir að fréttist af kumlinu kom í ljós að fyrst var vitað um það fyrir nokkrum árumatugum, en þá láðist að tilkynna um fundinn. Finnandinn Metúsalem Björgvinsson á Víðilæk, hafði orðið var við bein og hringamél, sem hann tól í sína vörslu. ... Um er að ræða karlmannskuml og hafði hinn látni verið heygður með hesti sínum. Kumlið snéri í höfuðárrie norður-suður en það er algengt áttahorf kumla á Íslandi, þó það sé nein einhlít regla að því er virðist. Maðurinn hvíldi í syðri enda grafarinnar en hesturinn í þeim nyrðri við fætur hans. Við greftrun hafa verið grafnar tvær gryfjur, ca. 40 cm djúpar, í gegnum fokmoldina og niður á jökulruðninginn. Á annarri þeirra fékk maðurinn að hvíla og hesturinn í hinnni en á milli þeirra var um 30 cm langt bil. Gröfunum hefur síðan verið lokað með fokmoldinni og myndaður u.þ.b. 50 cmhár haugur yfir þeim. Engir steinar voru notaðir til að fylla upp í hauginn Mannsgröfin var lítil, 1,50 m á lengd og 1 m á breidd, eins og títt var með grafir á þessum tíma og rúmaði hún varla meira en líkið og gripina. Það var lagt á bakið með bogin hné, sem vísuðu upp í hlíðina. Hestgröfin mældist u.þ.b. einn metri á kant en eins og áður hefur komið fram var þessi hluti kumlsins nokkkuð skemmdur. Hún gæti því hafa verið stærri. Áður en maðurinn var heygður hefur gröfin líklega verið klædd að innan, hugsanlega með feldi. Svo virðist sem svipað efni hafi verið í gröf hestsins. Sá möguleiki er fyrir hendi að þar sé einungis um húð hestsins sjálfs að ræða, því ummgjörðin um hestkumlið er mjög óregluleg miðað við þá sem var um mannskumlið. Í ljósi þess má draga þá ályktun að mannsgröfin hafi ef tilvill veriðklædd að innan með hesthús en líkkistur úr tré eru sjaldséðar í íslenskum kumlum. Maðurinn í Þórisárkumlinu var án efa heygður í fullum klæðum, með vopn sín og fleiri eigur. Í mannsgröfinni fannst sverð, skjöldur, öxi, spjótsoddur, örvaroddur, tvö sverðbrýni, grýta, klæðisprjónn, sylgja, sproti, steinn úr agati, pyngja seminnihélt fjögur met og ein pening, perla úr rafi og lítill hringur úr tini. Hesturinn hefur greinilega verið heygður með reiðtygjum. Í hestsgröfinni fundust tvær gjarðhringjur, átta naglar og hringamél, sem fannst fyrir mörgum árum, en virðist hafa glatast. Sá heygði hefur verið vel ferðbúin til Valhallar. Þegar hann var lagður til sinnar hinstu hvílu hélt hann um sverðið með hægri hendi og skjöldinn með þeirri vinstri ... Sverðið hefur verið þungt og íbúrðarmikið, borið í slíðri úr tré, sem trúlega var klætt að innan með vaxrenndu lérefti. Svi virðist sem að hjöltu þess hafi verið silfurslegin en sverðið sjálft úr járni. Það mældist rúmir 90 cm að lengd og svipar mjög til sverðs sem hannst í hrafnklesdal í Jökuldalshreppi um aldamótin síðustu og er talið frá fyrri hluta 10. aldar. Brýnin tvö hafa verið látin fylgja með til að tryggja að bit sverðsins þryti ekki í bardögum í hinum nýja heimi. Um er að ræða sverðbrýni, yfir 40 cm löng. Brýnin eru úr flögubergi, líklega innflutt frá Noregi, en þau voru algeng verslunarvara á víkingaöld meðal norrænna manna. Greinilegt er að brýnin eru sitt úr hvorri námunni því litur þeirra er ekki eins. Annað brýnanna er auk þess mjög eytt en hitt er trúlega lítið notað. Skjöldurinn er talinn vera helsta varnarvopn víkinga á norrænum slóðum. Tvenns konar skildir eru taldir hafa verið í notkun á landnámsöld hérlendis. Önnur gerðin var kringlótt en hin sporöskjulaga. Skildir voru settir saman úr viðarfjölum, sem festar voru saman með skjaldarbólu að framanverðu en með handfangi á bakhliðinni. Brún skjaldarins var oft varin með járni en sjálfur skjöldurinn gat verið klæddur með skinni. Fáar skjaldbólur eru varðveittar hélendis og er skjaldbólan, sem fannst í kumlinu við Þórisá, ein þeirra. Hún er úr járni en skjöldurinn sjálfur er úr tré og hann hefur verið kirnglóttur að lögun. Það eina sem varðveist hafði af skildinum er skjaldarbólan og örlitlar viðarleifar. Þyngd axarinnar og spjótsoddsins bera því vitni að vopn haugbúasn hafi

veri ðmikil að gæðum. Öxin er af algengri víkingaraldargerð. Blaðið er lítið útsveigt, eggin er nánst jafn breið og augað. Axir með þessu lagi eru taldar vera frá því um 900 og er öxin úr kumlinu í Skriðdal án efa frá þeim tíma. Algengt er að finna spjótsodda í íslenskum kumlum. Spjótsoddurinn, sem fannst í kumlinu í Skriðdal , er tæpir 40 cm á lengd og af frekar algengri gerð, tímasettur til 10. aldar. Örvaroddurinn er um 15 cm langur. Þar er sjaldgæft af inna örvarodda í kumlum hérlendis, finnist þeir eru þeir oftast nokkrir saman. Afar erfitt er að aldursgreina þá út frá formfræðilegu sjónarmiði en þeir hafa líklega horfið af sjónarsviðinu um og eftir árið 1000.

Skartgripir, sem fundust í gröfinni, sýna að klæðaburður mannsins hefur ekki verið af verri endanum. Skikkja hans hefur verið tekin saman með skreyttum hringprjóni og sylgju, hvorttveggja úr bronsi. Hringprjóninn er með marghliða haus, sem er skreyttur með krossi. Slíkir prjónar finnast um allt Norður-Atlandshafssvæðið en örfáir hérlendir. Þeir eru oft kallaðir klæðisprjónar en þeir voru notaðir til að taka saman klæði manna á öxl eða brjósti. Þeir geta verið næði af írsk-skoskum uppruna, eða frá Skandinavíu og eru mislangir, með mismunandi skreyti. Gerð hringprjónsins, sem fannst í Þórisárkumlinu, gefur til kynna, að hann sé frá fyrri hluta 10. aldar en hann er án efa írsk-skoskum uppruna. Sylgjan er með skrautverki í borróstíl en henni fylgdi sproti af sömu gerð. Myndefnið á þeim er ormur og ormshöfuð en skreyti þeirra getur án nokkurs vafa talist mikið listaverk, sem raunar er einkennandi fyrir flesta skreytistíla frá víkingöld. Borróstíll var algengur á fyrri hluta víkingaaldar í Skandinavóu allri en hann er upprunninn í Noregi. Stíllinn var að öllum líkindum fullmótaður á síðari hluta 9. aldar og er talinn fyrsti norræni skrautstílinn sem barst til Íslands. Við höfuð mannsins fannst perla úr rafi og hefur hann líklega borið hana um hálsinn. Það telst frekar sjalfgæft að finna slíkar perlur hérlendis. Flestar þeirra perla sem fundist hafa í íslenskum kumlum eru úr gleri. Rafperlurnar eru oftast norrænar að uppruna, flestar fluttar inn frá Danmörku en það í landi finnst mikið af Rafi. Grútan hefur líklega átt að tryggja að hinn látni skorti ekki mat á leið til Valhallar en þar áttu vistir aldrei að þrjóta. Grýta er pottur úr klébergi, eflaust innflutt frá Noregi eins og títt var um slíkar grýtur. Hún er um 35 cm í þvermál og um 12 cm á hæð, sótug að utan. Grýtan er sú eina sinnar tegundar sem fundist hefur á Íslandi, aðrar grýtur eru minni og með skafti en þær eru þrjár talsins. ... Agatsteinninn, sem lagður var við hlið mannsins við greftrunina, hefur hugsanlega átt að vera einhverskonar verndatákn hans gegn illum vættum en slíkir steinar finnast oft í gröfum sem þessum og hafa án efa einhver táknræn gildi. Pyngjuna hefur haugbúinn borið um mittið. Hún hefur trúlega verið úr leðri og í henni voru fjögur met úr blýi, auk þess sem þar gat að líta silfurpening."

Heimildir: SK: "Þórisárkumlið" Glettingur IX, 25-31

## SM-055 Arnhallstaðir

16 hdr 1397, 20 hdr. 1695, 1847. 1397 er A getið í máldaga Valþjófsstaðar. DI IV, 212. Hryggstekkur hjáleiga. HÞ: Arnaldsstaðir rétt Árbók 1923, 92. Landamörk A eru að sunnan og sa. við ána Jóku og Djúpasal, en að na og norðan yfir Tröllafjall, Brúðadalsfjall. Þetta eru hreppamörk við Reyðarfjörð, en áfram liggja mörk við Hryggstekk, na. Eggjar og niður í Grímsá 400-500 m innan við Hryggstekk, við Sturlugilslæk." SJM II, 111-112.

1918: Tún 4,3 ha, garðar 574 m2. "Fjallbrekkur eru grónar birkikjarri sem hefur vaxið og breiðs út síðasta mannsaldur. Þar vex gráviður, fjalldrapi, beitilyng, sauðalimur og venjulegar tegundir lyngs og grasa. ...Engjarnar þóttu í betra lagi og sumar slægar árlega, gamla túnið fremur harðlent, beitiland vítt og kjarngott." SJM II, 112.

**SM-055:001** *Arnhallstaðir* bæjarhóll bústaður
“Torbærinn aflagður ´36, stóð fram yfir ´40 að mestu. Bæjardyr í suður, baðstofa til hægri, portbyggð, eldhús og stofa (gestah.) niðri, tvískipt uppi. Gluggar í suður á járnklæddum þilvegg. Til vinstri við bæjardyr timburstofa. Önnur hús, hlóðaeldhús, búr, fjós, kúahlaða, hesthús.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 112

**SM-055:002** heimild smiðja
“Niður frá bæ er hóll, sem heitir Krosshóll, þar var smiðja. Eitt sinn var grafið í hólinn og kom þar upp hauskúpa af manni. Síðan hefur ekki verið hróflað við hólnum, og sjást þar nú óglöggar rústir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:003** mannabein
“Niður frá bæ er hóll, sem heitir Krosshóll, þar var smiðja. Eitt sinn var grafið í hólinn og kom þar upp hauskúpa af manni. Síðan hefur ekki verið hróflað við hólnum, og sjást þar nú óglöggar rústir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:004** bæjarstæði bústaður
“Niður frá bæ er hóll, sem heitir Krosshóll, þar var smiðja. Eitt sinn var grafið í hólinn og kom þar upp hauskúpa af manni. Síðan hefur ekki verið hróflað við hólnum, og sjást þar nú óglöggar rústir. neðan við hann heitir Hjáleigutún. Yzt á túninu var kofi einsetukonu, nafnlaus.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:005** *Efstahús* heimild fjárhús
“Efst á túninu er Hrafnshóll; þar stóð fjárhús, kallað Efstahús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:006** *Neðstahús* heimild útihús
“Út af nýju fjárhúsunum á Arnhólsstöðum var Neðstahús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:007** *Samstæðuhús* heimild útihús
“Út af nýju fjárhúsunum á Arnhólsstöðum var Neðstahús. Þar upp af voru Samstæðuhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:008** heimild lambhús
“Út af nýju fjárhúsunum á Arnhólsstöðum var Neðstahús. Þar upp af voru Samstæðuhús. Þar nálægt var Lambhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:009** *Holthús* heimild útihús
“Nýtt tún fyrir framan Bæjarlæk er kallað Holt, þar stóð Holtshús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:010** *Kvíabali* örnefni kvíar
“Nýtt tún fyrir framan Bæjarlæk er kallað Holt, þar stóð Holtshús. Þar neðan við er Kvíabali.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:011** *Sturlasel* bæjarstæði býli/sel
"Inni í Þórdal fyrir innan Brúðardalsá eru tættur, er Sturlusel heita. Á A bjó á fyrri hluta 16. aldar Sturla Jónsson (Maura-Sturla). Hann var kærður fyrir naumar matgjafir, helgidagabrot, vanrækt kirkjusóknar og okur. Sturla á að hafa búið á áðurnefndu seli einn í elli, er hann gerðist svo geðvondur, að hann gat ekki lynt við eftirkomendur síðan á A. Greinileg tótt er þar í grasfláka, sem heitir Sturli." segir í Sveitum og jörðum. "Svo segir Hróflur, að selstöð Sturlu hafi verið í Sturlaseli á Stafsheiðardal, en í elli sinni hafi hann verið einsetumaður í kofa við Sturlugil. Þar heitir Sturlutún og tilheyrir nú Hryggstekk ... Hrólfur telur, að einhvern tíma á síðari öldum hafi verið býli á Sturlaseli." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 111; Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:012** *Þórutótt* bæjarstæði bústaður
"Þórutótt svonefnd er í Þórudal, og á þar að hafa búið einsetukona Þóra að nafni. Tóttin er líkari því að vera smalakofa- eða heytótt, segir Hróflur Kristbjörnsson og hafnar þeirri tilbátu, að dalurinn sé kenndur við Þóru þessa." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 111

**SM-055:013** *Bakki* heimild beitarhús
"Í þriðja langiheita Bakkatóttir skýrar rústir upp með Jókugili. Þar eru garðhleðslur sýnilegar og hafa sést öskuhaugsleifar í Lækjarbakka. Þessum menjum fylgja munnmælasögur um afbýli, sem á að hafa heitir Bakki." segir í Sveitum og jörðum. "Við lækinn skammt frá Jóku eru fornar rústir, kallaðar Bakkatættur. Þarna vað áður býli, sem hét á Bakka og síðar beitarhús. Rústir þessar eru sagðar mjög gamlar og engar frekari heimildir um þær." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 111; Ö-Arnhólsstaðir, 3

**SM-055:014** heimild beitarhús
"Beitarhús voru tvenn, Sel beint upp af bæ og við Bakkatóttalæk í Þórudalsmynni, og sel hefur vafalaust verið á Sturluseli áðurnefndu." segir í Sveitum og jörðum. " Ofan við Lækjarbakka kvíslast Bæjarlækurinn. Þar í tungunni, sem myndast við það, eru rústir af beitarhúsum, kallaðar Sel." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 112; Ö-Arnhólsstaðir, 2

**SM-055:015** garðlag túngarður
"Túngarður, gripheldur á sinni tíð." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 112

**SM-055:016** heimild áveita
"Vatnsleiðsluskurður 23 m." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 112

**SM-055:017** heimild nátthagi
"Nátthagi 4788 m2." segir í Sveitum og jörðum. "Innan við Arnórsstaðablá, móts við bæinn í Þingmúla, var Nátthagi. Þar sem Nátthaginn var, er nú tún." segir í örnefnalýsingu. Svæðið heitir núi Akur.
Heimildir: SJM II, 112; Ö-Arnhólsstaðir, 2

**SM-055:018** heimild rétt
"Hestarétt á hlaði." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 112

**SM-055:019** garðlag landamerki
“Að norðan ræður Múlaá og Grímsá út á móts við efri stíflugarðsenda, er liggur beint inn Arnarhólsstaðablá, og þaðan beina línu um garðsendann í mitt Sturlagil, ræður svo Sturlagil upp eftir, þar til það beygir í suður, er þar hlaðin varða á gilbarminum og er stefnan á aðra vörðu, er stendur fyrir ofan gilið, þaðan beina línu í slakkann framan við Litlahnjúk ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 1

**SM-055:020** varða landamerki
“Að norðan ræður Múlaá og Grímsá út á móts við efri stíflugarðsenda, er liggur beint inn Arnarhólsstaðablá, og þaðan beina línu um garðsendann í mitt Sturlagil, ræður svo Sturlagil upp eftir, þar til það beygir í suður, er þar hlaðin varða á gilbarminum og er stefnan á aðra vörðu, er stendur fyrir ofan gilið, þaðan beina línu í slakkann framan við Litlahnjúk ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 1

**SM-055:021** varða landamerki
“Að norðan ræður Múlaá og Grímsá út á móts við efri stíflugarðsenda, er liggur beint inn Arnarhólsstaðablá, og þaðan beina línu um garðsendann í mitt Sturlagil, ræður svo Sturlagil upp eftir, þar til það beygir í suður, er þar hlaðin varða á gilbarminum og er stefnan á aðra vörðu, er stendur fyrir ofan gilið, þaðan beina línu í slakkann framan við Litlahnjúk ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 1

**SM-055:022** heimild rétt
“Fyrir innan Breiðanes var Réttartangi, þar var áður lögrétt. Tanginn er nú að mestu brotinn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 2

**SM-055:023** *Stekkamell* örnefni stekkur
“Utan við Jóku eru grýttar eyrar, kallaðar Jókuaurar. Jón rennur í Múlaá spölkorn innan við ármót, þar sem hún sameinast Geitdalsá, þessar tvær ár mynda Grímsá. Upp með Bæjarlæk er melhæð, kölluð Stekkamell.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 2

**SM-055:024** *Hvalvarða* varða
“Meðfram Brúðardalsá eru Eyrar. Innan við þær liggur vegurinn austur fyrir á og upp hlíðina að austanverðu, þar heita Brúðardalskinnar. Þegar komið er upp úr brattanum, verður fyrir melhæð, sem heitir Kinnarmell. Þar er á vatnaskilum varða, sem heitir Hvalvarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 4

**SM-055:025** heimild leið
“Meðfram Brúðardalsá eru Eyrar. Innan við þær liggur vegurinn austur fyrir á og upp hlíðina að austanverðu, þar heita Brúðardalskinnar. Þegar komið er upp úr brattanum, verður fyrir melhæð, sem heitir Kinnarmell. Þar er á vatnaskilum varða, sem heitir Hvalvarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnhólsstaðir, 4

**SM-055:026** heimild

Friðl. sem: “Forn hringamynduð girðing, um 30 metra að þvermáli, á eyrunum fyrir austan Múlaá.” 1893: “Austr af Þingmúla, fyrir austan á, þar á eyrunum, sést fyrir ákaflega stórri hringmyndaðri girðingu. Hún er orðin mjög niðr sokkin, enn þó mótar fyrir ehnni alt í kring. Girðing þessi hefir verið 96 fet á annan ve, og 90 fet á hinn (utanmál), að því er mælt verðr; stórar dyr eru á, og jafnvel fleiri enn einar. Þessi hringr er næsta einkennilegr, og er hinn stærsti slíkr hringr, sem er [SV] hefi séð, og enn stærri, enn hringrinn á Hegranesþingi, sem er 83 fet á annan veg. Það er alls ekki ólíklegt, að þingstaðr hafi verið hafðr á þessum fögru og víðlendu eyrum, enn búðirnar uppi í túninu á Þingmúla, enda hefir ekki verið lant að ganga frá búðunum á þingið, svo sem 150-200 faðmar. Það er jafnvel eins langt frá sumum búðunum á alþingisstaðnum upp að lögréttunni. Þetta land liggr nú undir Arnhólsstaði, enn þetta getr alt hafa breyzt, með því ánin hefir breytt farveginum, enda kom ekki landamerki þingstaðnum við.”

Heimildir: ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 58; SV Árbók, 1893, 34-35

## SM-056 Hryggstekkur

Hjáleiga Arnhallstaðir. “Jörðin er utan (norðan) við Arnhólsstaði, á land neðan frá Grímsá og sa og upp á Hallsteinsdalsvarp (668 m). Mörk eru við Eyrarteig við Eyrarteigsá og við Arnhólsstaði.” SJM II, 113. 1918: Tún 1,5 ha, garðar 518 m2. “Gamla túnið var hólótt og harðlent, mestallt slétt, engjar að meiri hluta nærtækar, grasgefnar og greiðfærar, beitiland rúmt og kjarngott, en snjóþungt að jafnaði, skóglendi ekki teljandi.” SJM II, 113.

**SM-056:001** *Hryggstekkur* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

**SM-056:002** *Lambhús* heimild lambhús

“Á túni var fjárhús, kallað Miðhús. Ofar á túninu var Lambhús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hryggstekkur, 2

**SM-056:003** *Fremstahús* heimild útihús

“Innst á túninu hét Fremstashús. Það stendur enn.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hryggstekkur, 2

**SM-056:004** *Miðhús* heimild fjárhús

“Á túni var fjárhús, kallað Miðhús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hryggstekkur, 2

**SM-056:005** tóft stekkur

“Ofan við sléttuna eru mela- og hólaholt, sem nefnast Hryggstekkjarholt. Yzt í þeim er Stekkjargil, og eftir því fellur Stekkalækur, og neðst í gilinu er Stekkurinn. Nokkru innar er lítið lækjarskot. Þar heita Grænustekkar; þar er tóftarrúst.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hryggstekkur, 1

**SM-056:006** *Kvíabotn* örnefni kvíar

“Fyrir ofan eru tvö gil, Innra- og Ytra-Lækjargil. úr þeim fala Bæjarlækir. Neðst í Ytra-Lækjargili er Kvíabotn og litlu ofar Djúpibotn.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hryggstekkur, 2

**SM-056:007** *Sturlagil* bæjarstæði býli/sel
"Inni í Þórdal fyrir innan Brúðardalsá eru tættur, er Sturlusel heita. Á A bjó á fyrri hluta 16. aldar Sturla Jónsson (Maura-Sturla). Hann var kærður fyrir naugar matgjarfir, helgidagabrot, vanrækt kirkjusóknar og okur. Sturla á að hafa búið á áðurnefndu seli einn í elli, er hann gerðist svo geðvondur, að hann gat ekki lynt við eftirkomendur síðan á A. Greinileg tótt er þar í grasfláka, sem heitir Sturli." segir í Sveitum og jörðum. "Innst er Sturlugil og í því Sturlugilslækur; þar eru landamerki. Í Sturlugili er hvammur, sem heitir Sturlutún. Þar sést húsarúst. Sú sögn er um það, að maður að nafni Sturla hafi eitt sinn búið á Arnhólsstöðum og hafi verið lítt við alþýðuskap og hafi í elli sinni byggt þarna kofa í gilinu og gjörzt einsetumaður." segir í örnefnalýsingu.

"Svo segir Hróflur, að selstöð Sturlu hafi verið í Sturlaseli á Stafsheiðardal, en í elli sinni hafi hann erið einsetumaður í kofa við Sturlugil. Þar heitir Sturlutún og tilheyrir nú Hryggstekk ..." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 111; Ö-Arnhólsstaðir, 5; Ö-Hryggstekkur, 2

## SM-057 Hallbjarnarstaðir

12 hdr. 1695, 16 hdr 1847. 1397: Getið í máldaga Múlakirkju. DI IV, 203. 1570 og síðar er H nefndi í máldaga Múlakirkju. DI XV, 685. 1847 Þingmúlakirkjueign, Víðilækur hjáleiga. "Land H náði fyrr yfir allt svæðið milli Haugaár að sunnan og árinnar Jóku í Þórudal að norðan og na. neðan frá Múlaá og sa. á vörp Stafsheiðardals (700 m) og Djúpadals (681 m)." SJM II, 109.

1918: Tún 2,6 ha, garðar 832 m2. "Engjar voru víðlendar en reytingssamar og varla slægar nema annað hvert ár nema nesið við Múlaá. Gamla túniðvar sérlega heygott og óx yfirleitt vel en upphaflega illþýfr, hólótt og brunahætt í þurrkatíð. beitiland nægilegt og gott, en snjóþungt, er svo fellur." SJM II, 110.

**SM-057:001** *Hallbjarnarstaðir* bæjarhóll bústaður
"Gamli aldamótabærinn, allstór, tók breytingum smátt og smátt, járnklæddur ´21 (fyrsta þakjárn)." Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 110

**SM-057:002** *Kvíabotn* örnefni kvíar
"Neðst í túni er laut, sem heitir Kvíabotn. ... Ofan við Kvíabotn hét Hesthústún. þar er hóll, sem er nefndur Kvíahóll, áður kallaður Jónshúshóll." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 6

**SM-057:003** *Neðstahús* heimild fjárhús
"Neðst í túni er laut, sem heitir Kvíabotn. Þar inn af er hæð, kölluð Neðstahúshryggur; þar stóð fjárhús, kallað Neðstahús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 6

**SM-057:004** *Hesthústún* örnefni hesthús
"Ofan við Kvíabotn hét Hesthústún. þar er hóll, sem er nefndur Kvíahóll, áður kallaður Jónshúshóll." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 6

**SM-057:005** *Miðhúshóll* heimild fjárhús
“Út af hrinusléttu er Miðhúshóll; þar stóð fjárhús, kallað Miðhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 6

**SM-057:006** heimild lambhús
“Inn og upp af bæ er Litlihóll og þar fyrir ofan Háihól. Á Háahól stóð Lambhús. Ofan við Hólinn er Lambhúsdæld.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 6-7

**SM-057:007** *Stórusteinar* þjóðsaga huldufólksbústaður
“Innan við bæ eru staksteinar, kallaðir Stórusteinar. Þar bjó huldufólk, og þar máttu börn ekki verið með ólæti.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 7

**SM-057:008** *Hesthúshóll* örnefni hesthús
“Fyrir utan læk, ofan við bæ, er Hesthúshóll og Hesthúsdæld. Þarna var áður nefnt Stöðulbarð og Stöðulbotn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 7

**SM-057:009** heimild kvíar
“Utan við læk í túnjaðri hét Kvíabali. þar voru kvíar áður og áningarstaður ferðamanna, sem fóru Þórðudalsheiði til Reyðarfjarðar.” segir í örnefnalýsingu. Gæri verið sama og 002.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 7

**SM-057:010** tóftir beitarhús
“Út af bæ eru seltættur og voru þar beitarhús til 1928. Rústir benda til afbýlis, en engar sagnir eru um mannabyggð, túnblettur innan garðs í kring.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 110

**SM-057:011** heimild áveita
“Ofan við Laufeyjarkíl er Árnatangi. Innan við Laufeyri er Stóralón. Það var áveituengi, veitt á það úr Garðalæk.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 2

**SM-057:012** *Stekkeyri* örnefni stekkur
“Inn af Veitu [ofan við Stóralón 011] er þýft stykki, kallað þýfi. Þar inn af er sléttur blettur, kallaður Grund. Innan við Grundina er Garðalækur og fellur í Stekkeyrarkíl. Innan við kílinn er Stekkeyri.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 2

**SM-057:013** *Sigurðarstekkur* tóft stekkur
“Innan við Taglið er Taglmýri [þar var áður skóglendi], þar óx ljósalykkja (starartegund). Ofan við Taglið, yzt eru rústir af stek, sem heitir Sigurðarstekkur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 2

**SM-057:014** mannabein legstaður
“Innan við Taglið [þar var áður skóglendi] er Taglmýri, þar óx ljósalykkja (starartegund). Ofan við Taglið, yzt eru rústir af stek, sem heitir Sigurðarstekkur. Framan við hann eru dældir, sem heita Sigurðarstekksdöp. Þar fyrir ofan er mýrarsvæði, nefnt Stóramýri, nú framræst tún. út í mýrina að ofan, gengur melhæð, sem er nú kölluð Mannabeinaholt. Þar fannst uppblásin dys um 1920.” segir í örnefnalýsingu. “Hrólfur telur að þar hafi verið

dysjaður unglingur án viðhafnar.”
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 2

**SM-057:015** þjóðsaga draugur
“Niður úr Stórumýri er mýrarsund, kallað Selsund, úr því rennur smálækur kallaður Prestgilslækur. Hann rennur í djúpum farvegi á stykki, semheitir Prestgil. Þar þótti reimt áður, og átti framliðinn prestur frá Þingmúla að valda þeim reimleika.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 3

**SM-057:016** *Hallbjarnarstaðasel* tóft beitarhús
“Innan við Stórumýri eru mýrar, sem eru kallaðar Selmýrar, nú tún. Neðan við Selmýrar er hár melur, sem heitir Einbúi. Utan og ofan við Selmýrar eru rústir af beitarhúsum, sem voru kölluð Hallbjarnarstaðasel.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 3

**SM-057:017** *Réttarbali* örnefni rétt
“Innan við Ormalæk, rétt ofan við þjóðveg, er Pálmamýri. Inn og upp af henni er Réttarbali.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 3

**SM-057:018** *Hesthúsmelur* örnefni hesthús
“Utan og ofan við gamla túnið er Hesthúsmelur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 3

**SM-057:019** heimild nátthagi
“Rétt ofan við þjóðveg, þar upp af, er Háamýri. Innan við hana er Hörðumell eða Háimell; innan við hann er Langasun. Þar fyrir innan er smálækur, kallaður Nátthagalækur. ... Upp með Natthagalæk voru Nátthagar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 4

**SM-057:020** *Kofamelur* örnefni
“Utan við Garðalæk, skammt frá heimatúni er Kofamelur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 4

**SM-057:021** *Dagmálavaða* varða eyktamark
“Þar sem Hálsinn endar við Jóku, heitir Hálsendi. Skammt neðan við Hálsenda eru klettastapar, sem heita Neðrikambur og Efrikambur, milli þeirra eru Kambabotnar. Hjalli neðan í Hálsbrún heitir Langahlíð. Innst á Lönguhlíð er gjá kölluð Bolabás. Á Hálsinum er Dagmálavarða, eyktarmark frá Hallbjarnarstöðum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 4

**SM-057:022** *Bjarnastekkur* heimild stekkur
“Inn og upp af Stórafossi, milli Bæjarlækjar og Garðalækjar, er laut, sem heitir Bjarnastekksbotn. Þar voru stekkjartættur, sem kallaðar voru Bjarnastekkur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 5

**SM-057:023** *Goðaborg* þjóðsaga
“Yst á Hallbjarnarstaðatindi er klettur líkur húsi í lögun, hann heitir Goðaborg. Sagt er að Hallbjörn landnámsmaður hafi gengið þangað berfættur á hverjum morgni og tilbeðið goð sín.

Goðaborg er í hádegisstað frá Hallbjarnarstöðum." segir í örnefnalýsingu. SS "Svo segja gömul munnmæli að Hallbjörn sem fyrst nam og byggði Hallbjarnarstaði í Skriðdal hafi byggt hof eða goðahús uppi á fjalli því er þar er upp frá bænum og heitir Hallbjarnarstaðartindur. Gekk hann þangað hvern morgun að tilbiðja goðin."

SS "En er hann þóttist mynda skammt eiga ólifað og kom þar í síðasta sinn þá kom hann járnslá einni er var í goðahúsinu þvert yfir gjá er nærri klýfur fjallið um þvert frá vestri til austurs. Síðan hafði hann klukkurnar út með sér og læsti síðan húsinu rammlega og hengdi bæði lyklana og klukkurnar á slána og lagði það á að jafnan síðan skyldi goðah´æusið sýnast klettur einn, öllum nema þeim einum sem næði lyklinum og klukkunum af járnslánnni, en það kvað hann mundi seint verða því jafnan skyldi bærinn og kirkja sveitarinnar sýnast í björtu báli ef það væri reynt. Enda hefir enginn náð gripunum af slánni og altaf sýnist goðahúsið klettur einn en sem fallegt hús í lögun. Snúa stafnar í suður og norður í átt til bæjarins og þeim megin er gjáin. Má komast fyrir hana að húsinu eftir austurbrún fjallsins. Klettur þessi er ætíð kallaður Goðaborg."

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 5; ÞSS VI, 14-15

**SM-057:024** heimild beitarhús

"Innan við hólinn [Víðishól] er skriða, sem heitir Hrossamýra- eða Hrossabotnshlaup. Innan við hlaupið (skriðuna) eru Hrossamýrar. Yzt á þeim heitir Feitibakki við ána. Þarna voru einu sinni byggð beitarhús, en voru fljótlega aflögð vegna reimleika." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 6

## SM-058 Víðilækur

Hjáleiga Hallbjarnarstaða. 4 hdr. 1695. "Jörðin liggur í norðvesturhlíðum Hallbjarnarstaðatinds og á undirlendinu neðan við niður að Múlaá. Mörk eru við Hauga eru við Haugaá í Stuttadal, en Hallbjarnarstaði og Reynihaga frá Múlaá við Marklæk og upp með læknum skammt (300-400 m) innan við Reynihaga og síðan til fjalls í svolítið norðaustlægum boga, fylgir síðan tindum Hallbjarnarstaðatinds eins og merktir eru á kortum í röð og í Haugamörk á efra varpi Stuttadals." SJM II, 107-108.

1918: tún 3,4 ha, garðar 542 m2. "Sléttan neðan hlíðar er samfellt þurrt gróðurlendi. Heitir þar Teigur fram af bæ og nes milli bæjar og Múlaár. Snarrót er ríkjandi gróður, nokkurt víðilauf í Nesinu. Í hlíðinni upp af bæ vex m.a. fjalldrapi, grávíðir og beitilyng, og þar er lágvaxið birkikjarr með blettum og harðvellisgróður til og frá um brekkur og botna. ... Gamla túnið var reklent, svo að nálgaðist hálfdeigju í bleytutíð, jarðdjúpt og hæfilega hallandi, engjar samfelldar á Nesinu og hálfdeigjuslægjur utan við tún, allt sæmilega grasgefnar "5 hesta engi á dag", segir heimildarmaður. Þessi slægjulönd hafa nú verið ræktuð."

**SM-058:001** *Víðilækur* bæjarhóll bústaður

"Gamli bær" er nafn á húsunum efst í túninu. Þar eru nú fjárhús og hlaða úr torfi með járnþaki. Byggt síðar neðar í túni og enn ´36 baðstofuhús með þilveggjum á 3 vegu, 4 herb., 2 hæðir." Segir í Sveitum og jörðum. "... Gamlabæjartún, þar stóð bærinn til forna. Sagt var, að huldumaður eða draugur hafi ásótt dóttur bónda á Víðilæk. Þá var bærinn fluttur neðst í túnið. Þá var grafinn skurður fyrir ofan bæ til að varna því, að draugurinn kæmist fyrir í nýja bæinn. Skurðurinn hét Draugaskurður; hann sést enn." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 108; Ö-Víðirlækur, 3

**SM-058:002** bæjarstæði bústaður

“Byggt síðar neðar í túni og enn ´36 baðstofuhús með þilveggjum á 3 vegu, 4 herb., 2 hæðir.” segir í örnefnalýsingu. “ ...Gamlæbæjartún, þar stóð bærinn til forna. Sagt var, að huldumaður eða draugur hafi ásótt dóttur bónda á Víðilæk. Þá var bærinn fluttur neðst í túnið. Þá var grafinn skurður fyrir ofan bæ til að varna því, að draugurinn kæmist fyrir í nýja bæinn. Skurðurinn hét Draugaskurður; hann sést enn.”

Heimildir: SJM II, 108; Ö-Víðirlækur, 3

**SM-058:003** garðlag áveita

“Áveitugarður á Nesinu.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 108

**SM-058:004** tóft stekkur

“Þá er Fremrilækur, næstur er Blesalækur. Þá er Stekkalækur, við hann eru tóttarbrot. ... Á Teig er Stekkagrund, hún dregur nafn af gömlum stekk fyrir innan Stekkalækinn.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðirlækur, 1

**SM-058:005** *Hesthústún* örnefni hesthús

“Hesthústún, fyrir framan Bæjarlæk; Bakk(a)hústún, [Bakka]hús stóð við Bæjarlæk.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðirlækur, 3

**SM-058:006** *Bakkahús* heimild útihús

“Hesthústún, fyrir framan Bæjarlæk; Bakk(a)hústún, [Bakka]hús stóð við Bæjarlæk.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðirlækur, 3

**SM-058:007** *Grundarhús* heimild útihús

“Þá er Grundarhúsatún [þar er Grundarhús] ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðirlækur, 3

**SM-058:008** *Draugaskurður* renna

“ ... Gamlabæjartún, þar stóð bærinn til forna. Sagt var, að huldumaður eða draugur hafi ásótt dóttur bónda á Víðilæk. Þá var bærinn fluttur neðst í túnið. Þá var grafinn skurður fyrir ofan bæ til að varna því, að draugurinn kæmist fyrir í nýja bæinn. Skurðurinn hét Draugaskurður; hann sést enn.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðirlækur, 3

**SM-058:009** þjóðsaga draugur

“ ... Gamlabæjartún, þar stóð bærinn til forna. Sagt var, að huldumaður eða draugur hafi ásótt dóttur bónda á Víðilæk. Þá var bærinn fluttur neðst í túnið. Þá var grafinn skurður fyrir ofan bæ til að varna því, að draugurinn kæmist fyrir í nýja bæinn. Skurðurinn hét Draugaskurður; hann sést enn.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðirlækur, 3

## SM-059 Haugar

4 hdr. 1695. Skriðuklaustureign. “Landamörk eru að norðan við Haugaá (Stuttadalsá á korti) og að sunnan við Vatnadalsá; önnur mörk Múlaá og vatnaskil við Breiðadal. Um 3,5 km eru milli marka neðan við bæinn. Haugafjall er allbreitt að ofan og hallar til sv. Þar eru nokkrir sauðfjárhagar á fjallinu og ágætir í hlíðum og dölum sín hvoru megin þess.” SJM II, 105.

1918: Tún 1,9 ha, garðar 200 m2. “Um raunverulegar engjar var ekki að ræða, hvorki þar né annarsstaðar á jörðinni, en dálítið reyttist þó saman í döpum og rjóðrum milli steinanna, þegar ljánum var kunnáttusamlega beitt, fang og fang í stað. Stundum var leitað inn til heiða til slægna, í Víðigróf, inn undir Breiðdalsheiði og jafnvel inn á Öxi, en að jafnaði voru fengnar engjar að láni á öðrum bæjum. Gamla túnið var hóló ttur harðbali greiðfært með köflum, en annars staðar kargaþýft, brann oft illilega í þurrkatíð.” SJM II, 106.

**SM-059:001** *Haugar* bæjarhóll bústaður
“Gamli bæirnn stóð sem næst miðju túni skammt upp frá mótum Haugakvíslar og Múlaár. Fremur lítill bær, aflagður ´52, baðstofutóttin stendur enn. Hann var endurbættur ´27, steyptir nokkrir veggir, þiljaður að nýju, en járn var farið að leggja á bæjarhúsin upp úr aldamótum.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 107

**SM-059:002** *Hesthúsbarð* örnefni hesthús
“Holtið, sem bærinn [íbúðarhúsið] stóð á, var bara kallað Holt. Sauðhúsmelur er efst í gamla túninu og Sauðhúsbotn fyrir ofan hann. Þar fyrir ofan var kallaður Flatibotn fyrir ofan veg. Hesthúsbarð og Hesthúsdæld hétu fremst og efst í gamla túninu.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 2

**SM-059:003** *Sauðhúsmelur* örnefni fjárhús
“Holtið, sem bærinn [íbúðarhúsið] stóð á, var bara kallað Holt. Sauðhúsmelur er efst í gamla túninu og Sauðhúsbotn fyrir ofan hann.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 2

**SM-059:004** heimild fjárskýli
“Húseyrarkíll er næstur, hann rennur út eftir Húseyri; þar hafa verið fjárborgir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 1

**SM-059:005** *Torfa* örnefni rista
“Frá Haugará og heim að bæ fyrir neðan vötn heitir Torfa. Í henni eru þessi örnefni: Torfueyri niðri við á, Torfubakki þar inn af með ánni, Vörðuholt, nú tún.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 2

**SM-059:006** *Vörðuholt* örnefni
“Frá Haugará og heim að bæ fyrir neðan vötn heitir Torfa. Í henni eru þessi örnefni: Torfueyri niðri við á, Torfubakki þar inn af með ánni, Vörðuholt, nú tún.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 2

**SM-059:007** tóftir stekkur
“Frá Haugará og heim að bæ fyrir neðan vötn heitir Torfa. Í henni eru þessi örnefni: Torfueyri niðri við á, Torfubakki þar inn af með ánni, Vörðuholt, nú tún. Krókasteinn er hæsti steinn fyrir neðan veg, skammt frá Múlaárbakka, og Hestaskjólssteinn á Haugárbakka, nokkuð fyrir neðan Stekk, en Stekkur er rétt upp við Haugárgilskjaft. Þar eru margar stekkjartættur, þar var stekkjar í tíð Halldórs Halldórssonar í Haugum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 2

**SM-059:008** *Grænistekkur* heimild stekkur
“Út og niður við Krók í Múlaá er Kringja, grasi vaxinn hólmi eða eyri. Inn af henni á árbakkanum er Grænistekkur; þar var gamall stekkur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 2

**SM-059:009** heimild kvíar
“Út og niður við Krók í Múlaá er Kringja, grasi vaxinn hólmi eða eyri. Inn af henni á árbakkanum er Grænistekkur; þar var gamall stekkur. Þá hét Eyri fyrir neðan Kvíaholt við Múlaá, nú tún. Kvíaholt er beint niður af bæ. Framan undir holtinu var Kvíabotn og í honum Kvíar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 2

**SM-059:010** tóftir
“Rústir innst í Haugahólum beinda til, að bærinn hafi staðið þar fyrr á öldum. Hæpið að séu afbýli vegna takmarkaðra landgæða jarðarinnar, enda engar heimildir um afbýli frá H.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 106

**SM-059:011** heimild mylla
“Myllutótt við Haugakvísl.” segir í Sveitum og jörðum. “þá er Myllumelur og Myllutótt og Myllugarður, stífla, sem sett var á Kvíslina.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 106; Ö-Haugar, 2

**SM-059:012** garðlag
“þá er Myllumelur og Myllutótt og Myllugarður, stífla, sem sett var á Kvíslina.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 2

**SM-059:013** *Mjóagata* gata leið
“Yzt í Efrihólum heitir Mjóagata.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 2

**SM-059:014** heimild stekkur
“Illagilseyrarmelar eru fyrir utan og innan eyrina. Stekkjarbotn er á milli Flatholts og [ofan við] fremra Illagilseyrarmel. Þar var Stekkur eða fjárborg.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 3

**SM-059:015** heimild rista
“Næst fyrir innan Innri-Löngudokk er Þuríðarlág frá Starartjörn ofan að á. Þar fékk Þuríður, gömul kona frá Borg, að rista torf; hún bjó á Þuríðartóttum í Borgarlandi, þar hét áður Sel.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 3

**SM-059:016** *Þrímelar* þjóðsaga
“Á aurunum fyrir innan hólana [Efrihóla] eru þrír smáhólar, kallaðir Þrímelar. Sagt er, að biskup hafi verið á ferð og fjaldað þar, sem hólarinir eru. Þá dreymir hann, að til hans kemur maður og biður hann að taka sig upp og flytja tjöld sín. Gerði hann það, og hlutpu þá hólarnir fram, þar sem tjöldin stóðu.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 3

**SM-059:017** *Biskupsdys* þjóðsaga legstaður
"Fyrir ofan veg í Vatnsdalsaurnum er stórgrýtis[hóll], sem faðir minn, Einar Gunnlaugsson, kallaði Biskupsdys. Þar átti biskup að hafa verið dysjaður." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 3

**SM-059:018** tóftir
"Utan undir Fimmmelakíl, ofan við Rauðamel, á kílbakka, eru miklar bæjarrústir. Þar hélt Halldór í Haugum, að hefði getað verið Húsastaðir í Skriðdal." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 010.
Heimildir: Ö-Haugar, 4

**SM-059:019** *Reiðingabrekka* örnefni
"Svo er Reiðingabrekka beint upp af gamla bæ og Reiðingabrekkumýri neðan undir henni." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Haugar, 4

## SM-060 Þingmúli

Kirkjustaður. 12 hdr. 1695. c. 1200: Kirkjan nefnd í kirknaskrá Páls, DI XII 4 Kirkjustaður, hjáleigur, Borg, Stefánstaðir og Hátún en einnig er getið um hjáleigurnar Hraungerði, Bjarnastaði og Vatnskóg. Kirkjan átti skógarítak í Stóra Sandfelli og Hallormsstaðaskógi, ásamt sandpörtum á Héraðssandi. "Fjalið Múli er nafngjafi hins forna Múlaþings í þeim skilningi, að af Múlanum er nafn þess dregið, svo og Múlasýslna. Þar var þingstaður að fornu og getið vorþings þar á einum stað í Droplaugasona sögu. ... Þ hefur verið kirkjustaður frá alda öðli, og pressetur til 1892, er Þingmúlaprestakall var sameinað Vallanesi. ... Heimaland Þ hefur fyrr á öldum náð yfir allt landið milli Geitdalsár í Norðurdal og Múlaár í Suðurdal, þ.e. yfir allan Múlann, en svo heitir allur hálsin milli dalanna, innan frá Múlaafrétt og út á Múlakoll. ... Nú nær Þingmúlaland Norðurdalsmegin að Marklæk og í Suðurdal að kíl við Múlastekkjartún. Að öðru leyti takmarkast landið af ánum og háhrygg Múlans." SJM II, 96.

1918: tún 3,3 ha; garðar 520m2. "Bær og kirkja standa niður við Múlaá, og gamla túnið liggur meðfram ánni, sem hefur brotið það upp. Það er jarðgrunnt hólatún, harðlent, en greiðfært. Vestan Múlakolls gengur brött hlíð inn til Norðurdals. Þar eru uppgróin hlaup hið efra, en blautar mýrar og dýjaversli neðar, en innan til dálítið valllendi og kjarrspilda. Þar er Hlíðarsel, og sjást tætturnar. Engjarnar voru á reytingssömum mýrum norðan Kolls út og undir ármót, en betri suður með Múlaá, valllendi og hálfdeigjur í Múlahorni við ána og í svæðum ofar, auk þess í Lónatanga í Hallbjarnarstaðarlandi handan ár (ítak). Engjarnar þóttu fremur hægar til heyskapar, nærtækar og greiðfærar, en ekki víðáttumiklar." SJM II, 96-97.

**SM-060:001** *Þingmúli* bæjarhóll bústaður
"Byggð baðstofa um ´12, járnklæddur timburveggur austur á hlað, portbyggð, niðri eldh. og stofa, óskipt uppi, panilþiljur og járnþak." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 97

**SM-060:002** heimild kirkja
"Framan við bæ er kirkja og kirkjugarður." segir í Sveitum og jörðum. "Kirkjan stendur sunnan við íbúðarhúsið, byggð 1886, 8,50x5,50 m timburhús, járnklætt 1907, en járnið nú tekið af og húsið málað, þak og veggir." Segir í örnefnalýsingu.
ÞINGMÚLI Í SKRIÐDAL (SM) -Ólafi

c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4
1397: a heimaland allt oc Skridulandi oc Flogu. ij hluti j Hualsnesi [+reka] Backalannd Hallbiarnarstadi [+skógarteig, viðun, skóg]

Þar er prestz skylld oc diakns og omaga.

portio Ecclesiæ vmm viij är medann sira Sigurdur var. fellur nidur firir vppgiord kirkiu. oc þar til lagdi hann kugilldi. c woru. cc j slatrumm. er hann nu kvittur med kirkiuna; Máld DI IV 203-204
[um 1520]: Máld DI VIII 769-771
1575: Máld DI XV 685
27.2.1880: Hallormsstaðasókn lögð undir Vallanes, en var fyrst um sinn þjónað frá Þingmúla; (PP, 11) [lög]
28.2.1895: Hallormsstaðakirkja lögð niður og sóknin lögð til Þingmúlakirkju; (PP, 11) [landshöfðingjabréf]

Heimildir: SJM II, 96-97; Ö-Þingmúli, 1

**SM-060:003** *Goðatóttir* tóftir
LH: "Heima á Þingmúlatúni upp af bænum eru 2 fornar tóttir allstórar, sem heita Goðatóttir og túnpartur umhverfis "Goðatún". Norður af tóttinni efri er stórt bjarg upp úr túninu, sem heitir Goðasteinn." Á uppdrætti DB sjást Goðatættur merktar inn á kort, sjá 036

Heimildir: Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsóknar", 115; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 160

**SM-060:004** *Þinghóll* örnefni
LH: "Heima á Þingmúlatúni upp af bænum eru 2 fornar tóttir allstórar, sem heita Goðatóttir og túnpartur umhverfis "Goðatún". Norður af tóttinni efri er stórt bjarg upp úr túninu, sem heitir Goðasteinn. Þar norður af er hár hóll, stór að ummáli, aflangur og rúmmikill uppi. Hann nefna sumir Þinghól (sumir Beljanda, því að þar er stormasamt). Geta verið uppi á honum 2-400 manns. Hvergi sér þar dómhringamerki. En hann getur einkum hafa verið á hæstu bungu hólsins." Merktur inn á uppdrátt DB. KJ telur að þingstaður hafi aðeins verið í stutta stund á Þingmúla sökum þess að bærinn þar byggðist snemma og einnig sé lega staðarins þannig að olíklegt sé að þar hafi verið þingað lengi. Hann telur að þingið hafi verið flutt að Kiðafelli.

Heimildir: Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsókar", 115; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 160; KJ Árbók 1934, 35-36

**SM-060:005** heimild fjárhús
LH: "Hann nefna sumir Þinghól (sumir Beljanda, því að þar er stormasamt). Geta verið uppi á honum 2-400 manns. Hvergi sér þar dómhringamerki. En hann getur einkum hafa verið á hæstu bungu hólsins; þar er nú fjárhús og hlaða."

Heimildir: Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsóknar", 115

**SM-060:006** garðlag túngarður
"Túngarður nv. í beljandanum, stendur enn, ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 97

**SM-060:007** *Beljandahús* heimild fjárhús
"Utan við bæ er stór hóll, staksteinóttur, sem heitir Beljandi og nær þvert yfir túnið. Framan í hólnum var fjárhús, kallað Beljandahús. Þar voru einnig fornar rústir, sem Einar álítur að séu búðartóttir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 1

**SM-060:008** *Fjósatunga* örnefni fjós

“Framan við Beljanda er lægð, kölluð Dæld. Innan við hana er Fjósatunga. Eftir Fjósatungu liggur nú vegur að bænum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 1-2

**SM-060:009** heimild hesthús

“Framan við Goðatættur var Hesthús, ofan við það er Hesthúsmell.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 2

**SM-060:010** heimild mógrafir

“Framan og ofan (vestan) við Hlöðuhól voru Svarðargrafir, nú sér þeirra engin merki.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 2

**SM-060:011** *Melhús* heimild fjárhús

“Innst á túni var fjárhús, kallað Melhús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 2

**SM-060:012** *Marteinsvað* heimild vað

“Framan við Bakkann er Marteinsvað, þar drukknaði maður, sem Marteinn hét.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 2

**SM-060:013** *Hlöðuhóll* örnefni hlaða

“Innan túngarðs, sem áður var, ...Hlöðuhóll ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli BÓ, 1

**SM-060:014** *Hundavað* heimild vað

“Inn af gömlu lögrétt eru mýrarflákar, og þar heita Hundavaðsbotnar, harðvellisbali með Geitdalsá. Hundavað er brot á ánni fyrir neðan þá.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli ath og viðb, 2

**SM-060:015** *Bjarnastaðir* bæjarstæði býli

LH: “Í Þingmúlasókn er fornbýli langt inn í Vesturdal (Geitdal) sunnan ár (í Þingmúlalandi), er menn segja Bjarnastaðir hafi heitið. Landið umhverfis undir fjallinu niður að á, heitir enn Bjarnastaðarskógur (þó að þar sé aðeins grávíðir.).”

Heimildir: Sigurður Gunnarsson: “Lýsing Hallormsstaðarsóknar”, 115

**SM-060:016** bæjarstæði býli

LH: “Inn frá Þingmúla, í Austurdal, vestan ár eru og grónar tóttir á árbakkanum og brýtur áin þær. Þar er mælt, að staðurinn hafi eitt sinn staðið, en það er líklega hémómi. Þar sér engar túngarðamenjar. hefur þar líklega verið hjáleiga eða stekkur.”

Heimildir: Sigurður Gunnarsson: “Lýsing Hallormsstaðarsóknar”, 115

**SM-060:017** *Urðarstekkur* tóft stekkur

“Ofan við Langamel er Urðarhraun. Framan í Urðarhrauni eru rústir af stekk, sem er kallaður Urðarstekkur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 2

**SM-060:018** gata leið

“Ofan við Langamel er Urðarhraun. Framan í Urðarhrauni eru rústir af stekk, sem er kallaður Urðarstekkur. Utan við Stóraenni eru Enniengjar, þar fyrir utan þær Einstigsmelur, hann er

fyrir utan og ofan Múlaárbrú. Þar lágu götur austast í melnum, og var Einstigi á veginum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 2-3

**SM-060:019** heimild rétt

"Norðan af Þingmúlatúni, við Geitadalsá, eru sléttar eyrar, uppgrónar, kallaðar Leirvöllur, myndar vinkil milli túns og Geitardalsár. Undan Leirvelli er Bergshylur í ánni. Þar var lögrétt fyrir Múlaafrétt, nú aflögð." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 3

**SM-060:020** heimild mógrafir

"Innan við Leirvöll heitir einu nafni Múlatorfa. Á torfunni eru mýrar meðfram Geitadalsá, kallaðar Múlamýrar, eða aðeins Mýrar. Þær ná inn á móts við bæinn í Flögu. Efst á Mýrunum er Illakelda, þar í kring var tekinn upp svörður." segir í örnefnalýsingu. "Svarðargrafir voru fyrir ofan Illukeldu. Þar var tekinn svörður fram á stríðsár. Fyrstu sex stungurnar "voru teknar ofan af", síðan voru fjórar stungur af lélegum sverði, aðrar 4 stungur með sprekum, 5 stungur af góðum sverði (varð kolsvartur í þurrkun), og neðst voru 3 stungur af brúnleitum sverði, sem virtist vera mosamikill." Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 3; Ö-Þingmúli ath og viðb, 2

**SM-060:021** *Strandarhús* heimild beitarhús

"Móts við Þorvaldsstaði eru stórir steinar, sem hafa hrinið úr Múlandum, kallaðir Steinar. Innan við Steina voru beitarhús, sem hétu Strandarhús (aflögð 1940)." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 3

**SM-060:022** *Hlíðarsel* tóftir beitarhús

"Innan við Kjóaeyri er Rauðisandur við Geitadalsá. Inn og upp af Rauðasandi eru gamlar sel- eða beitarhúsarústir, kallaðar Hlíðarsel, þær eru framan í grasi vöxnum hól." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þingmúli, 4

**SM-060:023** *Hraungerði* bæjarstæði býli

JJ: "...svo og Hraungerðis, hvers eigi getur annarstaðar."

Heimildir: JJ 1847, 371

**SM-060:024** *Vatnskógar* bæjarstæði býli

JJ: "í jarðabókum getur eyðijarðar Þingmúlakirkju, Vatnskóga (1696: 4 h að dýrleika, 40 al. lsk, 1 kúg), en eyðiból þetta er 1804 og eptir brauðskýrslu prestsins 1839 leigt til beitarlands." "V eru innsta býli í Suðurdal. Þeir virðast ungt býli [villa í SJM II] ... Í F´18 er jörðin talin eign Þingmúlakirkju og að henni heyri til allt land norðan frá Haugahólum og Vatnsdalsá og suður á Öxi, þ.e. 14-15 km. löng spilda austan Múlaár og upp á hreppamörk á fjöllum. Nú telst landið innan yxnagilsár ytri almenningum Skriðdalshrepps. ... Þar var byggt upp 1860 [varð bændaeig 1919] og talið að jörðin hafi þá verið í eyði næstliðin 50 ár. Aftur er hún í eyði 1910-1937 og þá nytjuð frá Haugum (beitarhús). Bærinn stendur allhátt í hlíðinni undir Vatnsskógafjalli."

"Gamla túnið var að mestu jarðgrunnur harðbali, en greiðfær, engjar snöggir smáblettir hingað og þangað um landareignina, en sauðfjárland gott og nokkur silungaveiði í vatninu."

Heimildir: JJ 1847, 372; SJM II, 96

**SM-060:025** heimild skemma

“Geymsluskúr við íbúðarhús 21 m2, 2 fjárhús f. 100, fjós f. 4, hesthús f. 3, 2 hlöður 180 m3 báðar, öll húsin úr torfi undir járni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 104

**SM-060:026** heimild fjárhús
“Geymsluskúr við íbúðarhús 21 m2, 2 fjárhús f. 100, fjós f. 4, hesthús f. 3, 2 hlöður 180 m3 báðar, öll húsin úr torfi undir járni.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 104

**SM-060:027** heimild fjárhús
“Geymsluskúr við íbúðarhús 21 m2, 2 fjárhús f. 100, fjós f. 4, hesthús f. 3, 2 hlöður 180 m3 báðar, öll húsin úr torfi undir járni.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 104

**SM-060:028** heimild fjós
“Geymsluskúr við íbúðarhús 21 m2, 2 fjárhús f. 100, fjós f. 4, hesthús f. 3, 2 hlöður 180 m3 báðar, öll húsin úr torfi undir járni.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 104

**SM-060:029** heimild hesthús
“Geymsluskúr við íbúðarhús 21 m2, 2 fjárhús f. 100, fjós f. 4, hesthús f. 3, 2 hlöður 180 m3 báðar, öll húsin úr torfi undir járni.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 104

**SM-060:030** heimild hlaða
“Geymsluskúr við íbúðarhús 21 m2, 2 fjárhús f. 100, fjós f. 4, hesthús f. 3, 2 hlöður 180 m3 báðar, öll húsin úr torfi undir járni.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 104

**SM-060:031** heimild hlaða
“Geymsluskúr við íbúðarhús 21 m2, 2 fjárhús f. 100, fjós f. 4, hesthús f. 3, 2 hlöður 180 m3 báðar, öll húsin úr torfi undir járni.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 104

**SM-060:032** heimild mógrafir
“Svo eru Mógrafir beint niður af bæ.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsskógar, 1

**SM-060:033** gata leið
“Svo heitir Harðibakki nokkru fyrir innan bæ og Harðbakkalækur; um bakkann lágu gamlar götur heim að Vatnskógum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsskógar, 1

**SM-060:034** *Höfðatótt/Árnatótt/Magnúsartótt* tóft fjárhús
“Inn af Höfða er fjárhústótt Sigríðar, kölluð ýmist Höfðatótt, Árnatótt eða Magnúsartótt, kennd við ráðsmenn Sigríðar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Vatnsskógar, 1-2

**SM-060:035** heimild sæluhús
“Lækir eru þar, sem sæluhúsið gamla var; heitir Hellulækur fyrir utan, en Sæluhúsalækur fyrir innan.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Vatnsskógar, 2

**SM-060:036** heimild
Á uppdrætti DB má sjá merkjat inn 6 tóftir sem hann telur ef til vill verra fornar búðatættur. Friðl forn: Fornar þingbúðatófftir víða um tún. “Efst á túninu við túngarðinn er stór jarðfastr klettr, sem heitir “Goðastein”. Í útsuðr frá steininum er tóft (1), og hefir hesthús verið bygt ofan á suðrendann; önnur tóft (2) er þar samhliða, 10-11 faðmar á lengd og um 7 faðmar á breidd. Tóftir þessar eru ákaflega útflattar og fornlegar; veggir digrir. Þetta svæði heitri “Goðatún”. - Nokkru neðar í túninu á hóli er fornleg tóft (3) 7 faðm. á lengd og 5 faðm. á br., að því er mælt verðr. Suðr eftir háhrygg túnsins sýmist hafa verið fjórar tóftir (4-7), hver niðr undan annari, enn þær eru svo fornlegar og aflagaðar, að þær verða með engu móti mældar; dyr á þessari fyrsstöldu tóft eru á vestra hliðvegg við gaflinn. Hér niðr undan er ein tóft (8), sem snýr samhliða, um 8 faðma á lengd og 5 faðma á breidd, að því er mælt verðr; dyr sýnast hafa verið á austrhliðvegg nær suðrenda. Á hólnum fyrir sunnan bæinn niðr á árbakkanum er tóft 89( mjög fornleg; snýr frá landnorðri til útsuðrs; hún er um 9 faðma á lengd og um 4 faðma á breidd; dyr munu hafa verið á austrvegg. Neðan í hól norðvestr frá bænum sýnast hafa verið tvær eða fleiri tóftir (10-11), enn þær eru svo niðrsokknar, að þær verða ekki mældar.”

Heimildir: DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 160; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 58; SV: Árbók 1893, 34

**SM-060:037** heimild kvíar
Kvíar sjást einnig á uppdrætti DB.

Heimildir: DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 160

**SM-060:038** heimild kálgarður
3 matjurtagarðar eru merktir inn á kort DB.

Heimildir: DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 160

**SM-060:039** heimild kálgarður
3 matjurtagarðar eru merktir inn á kort DB.

Heimildir: DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 160

**SM-060:040** heimild kálgarður
3 matjurtagarðar eru merktir inn á kort DB.

Heimildir: DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 160

## SM-060b Múlastekkur

“M er ungt býli austan í og austan við Múlakollinn og nær niður að Múlaá. Talið er að fyrr hafi þar verið eyðibýlið Hraungerði frá Þingmúla [sjá SM-060:023], sem getið er í jarðabók 1760. Landamörk við Þingmúla eru þvert á kílenda rétt utan við tún og upp á múlaröðulinn, en við Birkihlíð á Þrímelum skammt utan við tún. Býlið byggðist 1901 ...” SJM II, 98. Í eyði síðan 1964.

1918; Tún 0,9 ha, garðar 924 m2. “Jörðin er heldur landlítil en hæg og góð sauðajörð fyrir fátt fé. Allt neðra landið er utan til í hólum, dældum og botnum innan um hraunhryggi; skriður hafa fallið úr kollinum sums staðar allt niður í á. ... Gamla túnið er á

uppgrónum hraunhólum með lautum á milli. Þar var smáfært úr með spaða og reku, en þau handverk eru að mestu horfin nú ... “ SJM II, 98.

**SM-060b:001** *Múlastekkur* bæjarhóll bústaður
“Býlið byggðist 1901 með þeim hætti, að landneminn, Sigurður Höskuldsson, keypti timburhús á Reyðarfirði, reif og flutti upp yfir og endurreisti á fjallara, sem hann hafði áður hlaðið úr grjóti, byggði síðan eldhús og búr úr torfi og grjóti sunnan undir, málaði timburhúsið. Þá byggði hann hesthús og fjós, en Þingmúlafjárhús voru fyrir.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918, SJM II, 98

